



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

70. fundur

Nýkjörin skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja hélt fyrsta fund sinn mánudaginn 28. júní 1982.

Þessir menn skipa nefndina:

Fyrir Gerðahrepp Ingimundur Guðnason

fyrir Grindavík Bogi Hallgrímsson

fyrir Hafnahrepp Eggert Ólafsson

fyrir KeflavíkeGunnarSveinssonsson

fyrir Miðneshrepp Ómar Bjarnþórsson

fyrir Njarðvík Halldór Guðmundsson

fyrir VatnsleysustrandahreppHreinnÁsgrímsson.

Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórs-son, aðstoðarskólameistari, Gunnar Sveinsson, Halldór Guðmundsson, Ómar Bjarnþórsson og Ingimundur Guðnason.

1. Nefndin skipti með sér verkum þannig:

Gunnar Sveinsson, formaður

Halldór Guðmundsson, varaformaður

Ómar Bjarnþórsson, ritari.

Skólameistari og formaður skólanefndar buðu nefndarmenn velkomna til starfa og lýstu fyrir þeim verkefnum nefndarinnar í stórum dráttum en þau eru m.a. fjármálaleg ákvarðanataka, stefnumyndun í málefnum skólans og umfjöllun um ráðningu kennara og annars starfsfólks.

2. Borist hefur bréf frá menntamálaráðuneytinu dags. 12. maí 1982, þar sem tilkynnt er um skipun eftirtalinna kennara við skólann:

Konráð Ásgrímsson

Þórunn Friðriksdóttir

Ægir Sigurðsson

Ennfremur hefur ráðuneytið framlengt setningu eftirtalinna kennara við skólann um eins árs skeið frá 1. ágúst 1982 að telja:

Anna Lea Björnsdóttir, 1/2 staða

Guðbjartur Gunnarsson

Guðni Kjartansson

Gunnar Bergmann

Gunnar Þórarinnsson
Héðinn Skarphéðinnsson
Jón Agnar Ármannsson
Magnús Ó. Ingvarsson
Maja Loebell
Sigríður Bílddal
Sturlaugur Björnsson
Sturlaugur Ólafsson
Sumarrós Sigurðardóttir
Sævar Reynisson

Þá hefur ráðuneytið sett eftirtalda kennaravíðsskólann fyrrgreint tímabil. Þeir voru áður stundakennarar:

Guðmundur B. Guðbjörnsson
Gunnar Jónsson
Helgi Eiríksson

Á fundinum voru til umræðu 12 umsóknir um nýjar kennarastöður við skólann frá:

Ann Patricia Aylett,
Baldri Sigurðssyni,
David Robert Peers
Gerard Chinotti
Gísla Torfasyni
Hjálmarí Arnasyni
Jóhannesi Ágústssyni
Jóni A. Valdimarssyni
Nareumon Thepchai Jónsson
G. Sigríði Geirsdóttur
Sigurlaugu Kristmannsdóttur
Skúla Benediktssyni

Skólanefnd samþykkti að mæla með eftirtöldum umsóknum:

- a) í íslensku Baldri Sigurðssyni, Hjálmarí Arnasyni og Skúla Benediktssyni
- b) í ensku Ann Patriciu Aylett og G. Sigríði Geirsdóttur
- c) í stærðfræði og raungreinum Gísla Torfasyni og Sigurlaugu Kristmannsdóttur
- d) í málmiðnagreinum Jóni A. Valdimarssyni

Ekki reyndist að þessu sinni unnt að ráða fleiri kennara í þessum greinum - og verður því að hafna umsóknum frá David Robert Peers og Nareumon Thepchai Jónsson, - en skólameistara eða aðstoðarskólameistara var falið að ræða við annað hvort þeirra um stundakennslu ef þörf reynist.

Jóhannes Ágústsson hefur verið ráðinn að Fjölbrautaskólanum á Akranesi, - enda ekki þörf hér á kennara í viðskipta- og félagsfræðagreinum.

Samþykkt var að fela stjórnendum skólans að ræða við Gerard Chinotti um stundakennslu á líkum grundvelli og s.l. ár, m.a. vegna óvissu um kennslumagn á vorönn 1983.

3. Reikningshaldari lagði fram yfirlit um fjármál skólans pr. 26. júní 1982:

Til fjárfestingar hefur verið varið	kr. 1.147 þús.
til rekstrar, laun	468 þús.
til aksturs	227 "
til annars reksturs	653 "
til námsbrauta	<u>225 "</u> " <u>1.573 þús.</u>

Á móti hafa sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum greitt inn sem svarar helmingi af ársáætlun 1982, en hún gerði ráð fyrir kr. 2.977 þús. Ríkissjóður hefur þegar greitt til rekstursins kr. 300 þús., og til fjárfestingar kr. 513 þús., auk eftirstöðva frá fyrra ári kr. 487 þús. Í heild er framanritað ekki fjarri áætlun nefndarinnar 1982.

4. Tilkynningar frá skólameistara.

- a) Skólaslit á vorönn 1982 fóru fram í Keflavíkarkirkju 22. maí s.l. Brautskráðir voru 48 nemendur: 3 af tveggja ára uppeldis- og viðskiptabrautum, 17 iðnnemar, 9 nemendur af meistarabrait í byggingagreinum og 19 stúdentar. 37 nemendur luku brottfararprófum á haustönn - og hafa því alls 85 nemendur verið brautskráðir frá skólanum skólaárið 1981-1982.
- b) Listkynning BAÐSTOFUNNAR 1982 var 5.-13. júní s.l. Skólinn keypti 4 myndir eftir Ástu Árnadóttur, Guðmund Maríasson, Óskar Pálsson og Soffíu Þorkelsdóttur.
- c) Borist hefur bréf frá heilbrigðismálaráðuneyti þar sem greint er frá niðurstöðum könnunar á fíkniefnaneyslu nemenda í framhaldsskólum landsins. Samkvæmt því hefur cannabis verið notað á Reykjavíkursvæði af 26% nemenda, utan Reykjavíkursvæðis af 13% nemenda, meðaltalsneysla á áfengi meðal nemenda er 88%. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja reyndust 9% nemenda hafa notað cannabis og 66% áfengi.
- d) Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Fjölbrautaskólinn á Akranesi gáfu Flensborgarskóla í tilefni 100 ára afmælis hans, veglegan fundahamar sbr. fyrri fundargerð. Ólafur Ásgeirsson, skólameistari á Akranesi afhenti gjöfina. Ingólfur Halldórsson var fulltrúi okkar við þá athöfn.

- e) Samtímis fóru fram fyrstu skólaslit við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki, þar sem brautskráðir voru iðnnemar og stúdentar í fyrsta sinn. Jón Böðvarsson var þar staddur sem fulltrúi skóla sem starfa eftir Námsvísi fjölbrautaskóla, og flutti hann kveðjur og árnaðaróskir frá þeim. Athöfnin fór fram 20. maí, -- á uppstigningardag.
- e) Skólanum hefur borist ljósrit af tveim bréfum frá Fjölbrautaskóla Akraness til skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytis. Annað er ósk um viðræður við skólarannsóknadeild um fræðilegan og fjárhagslegan stuðning við tilraun um bréfaskólanám sem yrði upphaf að "opnum framhaldsskóla." Hitt bréfið er tillaga þess efnis að Fjölbrautaskólanum á Akranesi "verði heimilað að hefja kennslu á fósturnámsbraut að uppfylltum þeim skilyrðum sem nefnd eru í gögnum kennaranefndar sem fjallaði um málið..." Meðfylgjandi var greinargerð um námsefni og námstílhögun.
5. Önnur mál.
- a) Samþykkt var að hafa pappírsgjald á hvern nemenda á haustönn kr. 200.
- b) Skólameistari lagði til að kennarafélag skólans verði umsagnaraðili varðandi "matráðskonu" á kennarastöfu á svipaðan hátt og nemendur hafa gert hjá sér. Samþykkt var að heimila þetta, og síðan verði ráðið í starfið íssamráði við aðstoðarskólameistara.
- c) Jón Ólafsson, sveitarstjóri í Sandgerði hefur óskað eftir að fram fari umræða innan SSS með fulltrúum frá skólanum um öldungadeildarmál og um ferðamál yngri og eldri nemenda að og frá skólanum. Nefndin er samþykk þessu.
- d) Fyrirhuguð er 10 daga námsferð skólameistara af Íslandi til Bandaríkjanna í byrjun október n.k. Nefndin telur sjálfsagt að Jón Böðvarsson, skólameistari taki þátt í þessari ferð, og heimilar af hálfu skólans þátttöku í kostnaði við ferðina. Halldór Guðmundsson, einn af nýkjörnum fulltrúum í skólanefnd, hafði að lokum orð á lýðræðislegum og líflægum umræðum á þessum fundi, og vænti hann árangursríks samstarfs innan nefndarinnar. Skólameistari og formaður skólanefndar ítrekuðu þetta um leið og þeir endurtóku þakkir til hinnar fyrri nefndar.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson,
ritari.